

Kæru útskriftarnemar,

Góðan dag, Gísli Valur Arnarson heiti ég og það er mér mikill heiður að vera hér í dag fulltrúi 5 ára stúdenta við þessa útskriftarhátíð og eiga við ykkur nokkur orð. Það er vægast sagt skuggalegt hvað tíminn líður hratt og hvað langt er síðan maður stóð í ykkar sporum þó það virðist alls ekki vera mjög langt síðan.

Við vorum 12 stúdentar sem útskrifuðumst héðan vorið 2008 og uppistaðan í hópnum voru nemendur sem höfðu einungis stundað nám við Fjölbautaskóla Snæfellinga einan og vorum við því fyrstu nemendurnir sem lukum fjögurra ára samfleyttu námi frá stofnun skólans. Það má því segja að maður hafi verið með frá byrjun en mín tenging byrjar reyndar aðeins fyrr þar sem sumarið 2003 voru grunnskólakrakkar af Snæfellsnesi skipaðir í undirbúningsnefnd fyrir hinn nýja skóla, og þeirra hugmyndum um hann og allt það sem hann ætti að hafa, kunna og geta, var velt fram og aftur eina helgina í Stykkishólmi það ágæta sumar. Einnig vann ég við byggingu skólans sumarið 2004 og man vel eftir fyrstu skólasetningunni í hálftilbúnu húsinu um haustið, og önninni sem fylgdi, þar sem kom fyrir að kennslustundir færu fram nánast í andyrrinu og á göngunum. Þá eru mér einnig vel í mynni allar þær góðu minningar sem maður á héðan og frá þeim árum sem maður stundaði nám við skólann, þótt að námið hafi kannski ekki alltaf verið efst á forgangslistanum á þeim árum.

Þetta hafðist þó fyrir rest og þegar litið er tilbaka hálf saknar maður þess léttu andrúmslofts sem einkenndi skólann allmennt og námið við hann. Þótt öguð og sjálfstæð vinnubrögð voru hlutir sem maður tileinkaði sér þá var einhvernvegin svo létt yfir þessu. Hvort það er byggingin sjálf og þessi opnu rými sem framkalla það veit ég ekki, en þetta er eitt af því sem ég lofa ykkur útskriftarnemum af eigin reynslu að þið komið til með að sakna í ykkar framhaldsnámi.

Þótt fimm ár séu ekki langur tími í þeim skilningi hafa akkúrat þessi ár verið mjög afdrifarík og margt í okkar lífi breyst til muna á þessum tíma. Það hefur eflaust það sama átt við um FSN og skólinn án efa breyst í takt við aðstæður sem uppi hafa verið hverju sinni og ýmsar breytingar orðið á þessum tíma, þótt í undirstöðum sé skólinn alltaf hinn sami. Það er ég þó alveg viss um að þessi skóli útskrifar í dag, og mun útskrifa áfram stúdenta sem eru jafnvel sjálfstæðari og agaðri í vinnubrögðum en gengur og gerist á okkar litla landi. Sama hvað þið komið til með að taka ykkur fyrir hendur eftir þennan dag, þá munuð þið alltaf búa að því námi sem þið hlutuð hér og þau ykkar sem halda strax til frekara náms í haust verðið þið ekki lengi að komast að því sá undirbúningur sem hér fór fram gerir ykkur fljót að aðlagast nýjum aðstæðum og hann hefur gert ykkur tilbúin í að takast á við nýjar áskoranir.

Eftir að ég útskrifaðist héðan úr þessum skóla var förinni heitið til Danmerkur þar sem ég stundaði nám við Íþróttalýðháskólann í Sønderborg. Þar dvaldist ég í níu mánuði og get ég með sanni sagt að það hafi verið bestu níu mánuðir lífs míns. Maður fékk þar tækifæri til að kynnast fólki allstaðar að, ferðast til margra landa, skíða í ölpunum og sigla skútu í miðjarðarhafinu svo fátt eitt sé nefnt. Týpískur skóladagur einkenndist af fótbolta fyrir hádegi og siglingum eftir hádegi, eða handbolta fyrir hádegi og hjólreiðum eftir hádegi til dæmis. Það að víkka sjóndeildarhringinn með þessum hætti og flytja erlendis og prófa eitthvað nýtt er eitthvað sem ég hefði ekki viljað missa af. Þótt löngu ákveðið hafi verið að fara í frekara nám fannst mér mikilvægt að fara eitthvað og gera eitthvað annað. Þetta er möguleiki sem ég hvet ykkur þeirra sem ekki hafa ákveðið hvað skal gera í haust, að skoða. Einmitt þessi skóli ætlar að veita nokkrum erlendum nemendum 18 vikna nám frítt því gífurleg fækkun

erlendra og sérstaklega Íslenskra nemenda hefur orðið frá hruninu 2008. Ég hvet ykkur innilega til að skoða þann möguleika ef þið eruð í þesslags hugleiðingum.

Nú eftir að heim var komið hóf ég nám við Skipstjórnarskóla Tækniskólans – Stýrimannaskólann. Og lauk þaðan námi á tveimur árum. Til viðbótar var veturinn 2011/2012 kennd svokölluð Varðskipadeild sem kennd er í samstarfi við Landhelgisgæsluna og útskrifaðist ég þaðan fyrir ári síðan með svokallað Skipherrapróf á varðskip Íslenska ríkisins. Hjá Landhelgisgæslunni starfa ég nú í dag sem stýrimaður og varðstjóri í stjórnstöð hennar í Skógarhlíð.

Allur sá grunnur sem ég hlaut hér hefur stytt mér og auðveldað mér allt mitt nám sem að vísu er á framhaldsskólastigi en ekki síður kennt mér að skipuleggja mig, setja mér markmið og ná þeim. Einnig hefur sá tími sem ég átti hér mótað mig sem einstakling og á allan hlut í því hver ég er í dag og hvað ég hef gert og hvar ég er núna staddur. Þið munuð alltaf búa að því að hafa stundað nám við þennan skóla.

Kæru nýstúdentar, til hamingju með áfangann og gangi ykkur vel. Þið eruð í góðum málum og framtíðin er björt. Gleymið ekki hvaðan þið komið og hvernig hlutirnir eru gerðir fyrir vestan.

Til hamingju.